

Fundargerð (49)

Fjarfundur haldinn á Teams fimmtudaginn 20. janúar 2022, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Sigurjón Norberg Kjærnested og Heiða Vignisdóttir.
Frá ASÍ; Þórir Gunnarsson fulltrúi í matshópi sat fundinn undir dagskrárlið 1
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- Skýrsla matshóps.** Framvinduskýrsla matshópsins í janúar 2022 lá fyrir í gögnum fundarins. Kolbeinn gerði grein fyrir henni og urðu umræður um upplýsingar sem þar koma fram. Síðustu mælingar eru nokkurt áhyggjuefni einkum varðandi markmið um lækkun yfirvinnu og hækkun starfshlutfalls. Rætt var um mögulegar skýringar og spurt hvort unnt sé að taka Covid-áhrif út fyrir sviga. Áhersla á mikilvægi greininga matshópsins og leiðsagnar í skýrslum hans, ekki síst til að takast á við vísbendingar um að innleiðing sé ekki í samræmi við reglur og verklag. SFV upplýsti að nýjustu gögnum yrði skilað fljótlega og jafnframt sé verið að leiðrétta gögn frá tiltekinni samsteypu fyrirtækja í velferðarþjónustu. Óskað eftir því að framvegis verði listað upp í skýrslunum hvaða sveitarfélög hafa skilað gögnum til matshópsins.
- Fundargerð** frá síðasta fundi 9. desember 2021 hefur legið fyrir í gögnum stýrihópsins og var hún staðfest.
- Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir skýrsluna og gerði grein fyrir helstu viðfangsefnum og samskiptum verkefnastjórnarinnar. Var henni þökkun ítarleg og upplýsandi skýrsla, sem ber góðu starfi vitni.
- Útreikningur vaktahvata vegna styttri launatímabíla.** Harpa Júlía kynnti málið sem hún setti á dagskrá til að fá umræðu innan hópsins. Ástæðan er sú að hún hefur fengið ábendingar og fyrirspurnir frá sínum félagsmönnum vegna þess að Landspítali styttri launatímabil verulega í desember síðastliðnum og hyggst gera það sama í apríl. Slíkt

getur haft áhrif á vaktahvata. Málið rætt og tekið undir að mikilvægt sé að svör og kynning sé með samræmdum hætti. Bára Hildur tekur að sér að undirbúa texta tölvupósts til notkunar fyrir alla í stýrihópnum.

5. **Vaktaálag dagvinnufólks sem vinnur vaktir.** Í gögnum fundarins lá fyrir minnisblað frá Hörpu Júlíu, sem hún fór yfir, um ólíkt vaktaálag vaktavinnufólks og dagvinnufólks. Fjallað er um greiðslur vaktaálags til starfsfólks sem skilgreint er í dagvinnu með breytilegan vinnutíma og vinnur hluta af starfi utan dagvinnumarka og greiðslur til starfsfólks sem skilgreint er vaktavinnufólk ef unnið er að næturlagi. Skoðanaskipti urðu um túlkun ákvæðisins í fylgiskjali 2 og ákveðið var að gera nánari greiningu á málinu. Verkefnastjórn var falið að boða fundi með launafólki annars vegar og launagreiðendum hins vegar.
6. **Tillaga verkefnastjórnar um endurskoðun á fræðslufni á www.betrivinnutimi.is.** Fyrir fundinum lá tillaga verkefnastjórnar um að fela starfshópi að endurskipuleggja fræðslufnið, eyða efni sem ekki nýtist lengur og sníða það að núverandi þörfum verkefnisins jafnframt því að horfa til framtíðar. Tillögu verkefnastjórnar var fagnað og mun Bára Hildur senda tölvupóst til fulltrúa í stýrihópnum með ósk um tilnefningar í starfshópinn.

7. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið kl. 16.10. Næsti fundur verður fimmtudaginn 3. febrúar 2022 kl. 14.30. Fundargerð er aðgengileg á Teams.